

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 96/2008

frá 26. september 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn túlkunarorðsendingu framkvæmdastjórnarinnar 2007/C 68/04 um aðferðir við skráningu vélknúinna ökutækja sem upprunnin eru í öðru aðildarríki ⁽²⁾.
- 3) Ályktun ráðsins frá 29. júní 1977 ⁽³⁾ og auglýsing framkvæmdastjórnarinnar C/281/88/bls. 9 ⁽⁴⁾ eru úrehtar og ber því að fella þær úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 46. liðar (Ályktun ráðsins frá 29. júní 1977) og 47. liðar (auglýsing framkvæmdastjórnarinnar C/281/88/bls. 9) falli brott.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 47. lið:
„48. **52007 SC 0169**: Túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar 2007/C 68/04 um aðferðir við skráningu vélknúinna ökutækja sem upprunnin eru í öðru aðildarríki (Stjtið. ESB L 68, 24.3.2007, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti túlkunarorðsendingar framkvæmdastjórnarinnar 2007/C 68/04, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 7, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 68, 24.3.2007, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 177, 26.7.1977, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 281, 4.11.1988, bls. 9.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.